

Reglur um stuðning til fjarnáms

Reglur þessar taka til eftirfarandi náms;

- a) Grunnskólakennaranáms (B.Ed.)
- b) Leikskólakennaranáms (B.Ed.og diploma)
- c) Náms í kennslufræðum til kennsluréttinda

1. grein.

Starfandi leiðbeinendur við grunnskóla og leikskóla í Langanesbyggð sem hyggjast stunda fjarnám til B.Ed prófs, diploma eða til kennsluréttinda við Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri geta sótt um stuðning til sveitarsjóðs vegna námsins. Að hámarki geta tveir fjarnemar við skólastofnanir sveitarfélagsins notið stuðnings vegna fjarnáms á hverjum tíma. Skólanefnd ásamt skólastjóra getur veitt sérstakar undanþágur frá þessu ákvæði ef hún telur brýna nauðsyn til, t.d. við þær aðstæður að mjög lágt hlutfall fagmenntaðs starfsfólks starfi við skólastofnanirnar og brýn þörf á viðkomandi menntun.

2. grein.

Stuðningur við fjarnema er á formi þess að viðkomandi á rétt á að sækja nám — allt að 4 vikur á starfsári í B.Ed. námi, og allt að 2 vikur í diplomanámi og námi til kennsluréttinda – og halda á sama tíma föstum launum sínum. Stuðningur miðast við hverja önn fyrir sig og skal starfsmaður skila staðfestingu skóla á fullnægjandi námsárangri á önn til að eiga aðgang að stuðningi fyrir næstu önn.

3. grein.

Stuðningstímabil getur verið allt að 4 ár (8 annir) – eða í samræmi við skipulagningu náms – enda sé þá um að ræða 90 eininga háskólanám (B.Ed.). Í námi til kennsluréttinda getur stuðningstímabil verið allt að 2 ár (4 annir) og í námi til diplomaprófs getur styrktímabil verið allt að 1½ ár (3 annir) – eða í samræmi við skipulagningu náms.

4. grein.

Viðkomandi skólastofnun skal skipuleggja vinnu starfsmanns þannig að hann geti sótt reglubundna kennslu og þjálfun í vinnutíma sínum enda annist hann allan undirbúning kennslu og aðstoði forfallakennara eftir þörfum áður en til fjarveru vegna námsins kemur.

5. grein.

Stuðningur er bundinn því skilyrði að námið nýtist í þeirri skólastofnun þar sem viðkomandi starfar og að hann haldi að minnsta kosti 50% starfi yfir námstímann og eigi lögheimili sitt í sveitarfélaginu. Stuðningur er einnig bundinn því skilyrði að viðkomandi nái 22 ára aldri á umsóknarári og hafi starfað hjá sveitarfélaginu í minnst 12 mánuði. Undantekningar frá þessu ákvæði getur skólanefnd veitt ef sérstaklega stendur á.

6. grein.

Sá sem stuðnings nýtur skal skuldbinda sig til að starfa hjá sveitarfélaginu í ½ ár að námi loknu fyrir hverja námsönn sem viðkomandi nýtur stuðnings. Skuldbinding þessi skal þó að hámarki vera tvö ár. Óski styrkþegi eftir því að láta af störfum fyrir umsaminn tím ber honum að endurgreiða allan styrkinn til baka. Sama gildir ef hann gerist brotlegur í starfi.

7. grein.

Umsóknir um stuðning þurfa að berast forstöðumanni viðkomandi skólastofnunar sem leggur þær fyrir skólanefnd með umsögn.

8. grein.

Skólastofnanir skulu við árlega fjárhagsáætlunargerð gera ráð fyrir kostnaði vegna framkvæmdar á reglum þessum.

9. grein

Gera skal skriflegan samning við viðkomandi styrkþega og í honum tekið á að verði samningnum rift skuli styrkþegi endurgreiða komin kostnað og að það verði tryggt með tryggingarvígli eða skuldabréfi.

10. grein.

Reglur þessar taka gildi frá og með samþykki sveitarstjórnar. Þeir sem þegar hafa hafið fjarnám skulu ljúka því á þeim forsendum sem það var hafið á.

Reglurnar samþykktar í sveitarstjórn Langanesbyggðar 12.11.2009

Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri

